**Jón Helgason.**

**Logi Einarsson.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

21. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 82/1980) orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

Hlutabréf, sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa, er sannanlega hafa verið stimpluð, og jöfnunarhlutabréf, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þó undanþegin gjaldi fyrir stimplun, enda beri hvert einstakt hlutabréf með sér að um endurútféið bréf eða jöfnunarhlutabréf sé að ræða. Þeir, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðast, skulu sýna fram á að þau hlutabréf, sem hin nýju hlutabréf leysa af hólmi, hafi verið úr gildi felld eða að viðkomandi útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi ekki í för með sér raunverulega verðmætisaukningu hlutafjár í viðkomandi félagi. Gjaldfrjáls stimplun skal fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu hlutabréfa þeirra sem um ræðir í þessari málsgrein. Að öðrum kosti ber að innheimta stimpilgjald af þeim í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.***Friðjón Þórðarson.****Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

---

*Ragnar Arnalds.*

## LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1978 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	928 186	1 233 445
01 Forsætisráðuneytið .....	2 234 882	2 228 925
02 Menntamálaráðuneytið .....	19 941 182	26 607 229
03 Utanríkisráðuneytið .....	1 362 436	1 947 114
04 Landbúnaðarráðuneytið .....	6 840 130	9 249 045
05 Sjávarútvegsráðuneytið .....	3 100 259	4 015 423
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	7 225 631	10 679 428
07 Félagsmálaráðuneytið .....	5 940 962	6 915 616
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	45 005 128	57 439 306
09 Fjármálaráðuneytið .....	16 938 739	6 204 202
10 Samgönguráðuneytið .....	13 783 701	14 834 529
11 Iðnaðarráðuneytið .....	3 658 872	4 420 856
12 Viðskiptaráðuneytið .....	7 827 003	12 681 471
13 Hagstofa Íslands .....	97 495	122 981
14 Ríkisendurskoðun .....	128 720	165 797
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun .....	3 459 505	6 514 706
Mismunur .....	1 023 218	
	<hr/>	
	Samtals	139 496 049 165 260 073
 Tekjur:	 Áætlun:	 Reikningur:
11 Skattar .....	137 711 771	160 740 160
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings .....	383 178	401 455
13 Ýmsar tekjur .....	1 401 100	2 509 370
Mismunur .....		1 609 088
	<hr/>	
	Samtals	139 496 049 165 260 073

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson. Jón Helgason. Logi Einarsson.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## Fjáralög fyrir árið 1978.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1978 er veitt:

		Pús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi .....	76 147
02	Menntamálaráðuneytið .....	6 666 047
03	Utánríkisráðuneytið .....	584 678
04	Landbúnaðarráðuneytið .....	2 408 915
05	Sjávarútvegsráðuneytið .....	915 164
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	3 453 797
07	Félagsmálaráðuneytið .....	974 654
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	12 434 178
10	Samgönguráðuneytið .....	1 050 828
11	Iðnaðarráðuneytið .....	761 984
12	Viðskiptaráðuneytið .....	4 854 468
13	Hagstofa Íslands .....	25 486
14	Ríkisendurskoðun .....	37 077
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun .....	3 055 201
	Samtals	37 298 624

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.      Jón Helgason.      Logi Einarsson.**  
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

## L Ö G

um afnám laga nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

**Jón Helgason.**

**Logi Einarsson.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## LÖG

### um skattskyldu innlánsstofnana.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og Söfnunarsjóður Íslands skulu, með þeim takmörkunum er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

#### 2. gr.

Til skattskyldra tekna og eigna aðila samkvæmt 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Iðnlánasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar verslunarfyrtækja (Verslunarlánasjóðs) og Stofnlánadeildar samvinnufélaga, enda sé fjárhagur þessara sjóða greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana.

#### 3. gr.

Ákvæði 2. málslíðs 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málslíðs 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um heimild til niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda gilda ekki við ákvörðun á tekjuskatts- og eignarskattsstofni aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

#### 4. gr.

Sé sparisjóði slitið, þannig að hann sé algjörlega sameinaður öðrum sparisjóði, ríkisstofnun eða hlutafélagi þá skulu slitin sjálf ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann aðila sem við tekur og heldur ekki fyrir þann sem slitið var. Við slíkan samruna skal sá aðili, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess sparisjóðs sem slitið var.

#### 5. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, skulu skattskyldir aðilar skv. lögum þessum greiða mánaðarlega fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekju- og eignarskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti:

Fyrirframgreiðslan skal vera 0.06% af heildarinnlánum þeirra aðila, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum.

Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjaldldagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattskjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, víðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu þessa eftir því sem við á.

Að öðru leyti skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og ábyrgð á fyrirframgreiðslu skv. þessari grein.

#### 6. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.

Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982 og skal skattur vegna mánaðanna janúar, febrúar og mars greiddur 15. maí ásamt greiðslu fyrir ápríl.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I

Á árinu 1983 skulu aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1983.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1982. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1968 til 1982. Studullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir

ársbyrjun 1968 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. greindrar 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1983 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má vikja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávikva.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1983 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1984, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færast í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

## II

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1983, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1968, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

## III

Aðilar sem skattskyldir eru skv. 1. gr. þessara laga skulu reikna verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt í fyrsta sinn vegna ársins 1983 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1982.

## IV

Á árinu 1982 skal leggja skatt á aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum er nema skal 0,06% af heildarinnlánum þeirra, svo sem nánar greinir í ákvæði þessu. Undanþegnir skatti þessum eru þeir sparisjóðir þar sem innstæður námu lægri fjárhæð en 30 millj. kr. hinn 31. 12. 1981.

Skattur þessi rennur í ríkissjóð.

Stofn til skattsins skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11.



gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og 31. gr. laga nr. 13/1979 um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Skatturinn skal innheimtur af Seðlabanka Íslands og greiddur fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjaldalagi skattsins er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um skatt þennan eftir því sem við á.

## V

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969 um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna skulu bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis.

Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu endurskoðast af starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Ragnar Arnalds.*

## LÖG

### um veitingu ríkisborgaréttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Adal, Peggy Annadale, kennari á Laugarvatni, f. 27. júlí 1956 í Guyana.
2. Anderiman, Dís, nemi í Reykjavík, f. 18. maí 1962 í Tyrklandi.
3. Axel Ásmundsson, barn í Reykjavík, f. 27. september 1981 í Indónesíu.
4. Ágúst Smári Henrýsson, barn í Reykjavík, f. 26. ágúst 1976 á Íslandi.
5. Bach, Rita Nørgaard, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. febrúar 1943 í Danmörku.
6. Bentína Björgólfsdóttir, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 22. júlí 1957 í Bandaríkjunum.
7. Buthmann, Horst, nemandi í Hafnarfirði, f. 24. september 1953 í Þýskalandi. Fær réttinn 14. september 1982.

8. Christiansen, Judith, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1944 í Færeyjum.
9. Cilia, María Dís, barn í Reykjavík, f. 29. ágúst 1968 á Íslandi.
10. Cubero, Andrew Markus, barn í Reykjavík, f. 20. des. 1968 í Bandaríkjunum.
11. Cubero, Erika Erna, barn í Reykjavík, f. 8. júní 1972 í Bandaríkjunum.
12. Einar Magnússon, fulltrúi í Reykjavík, f. 29. september 1928 á Íslandi.
13. Evans, Trausti, barn á Akureyri, f. 27. ágúst 1976 á Íslandi.
14. Eymar Geir Eymarsson, barn á Akranesi, f. 27. maí 1981 í Guatemala.
15. Favre, Gabriel Christian, kennari í Reykjavík, f. 28. febrúar 1944 í Frakklandi.
16. Guðrún Elíasdóttir, skrifstofustúlka í Keflavík, f. 9. september 1919 á Íslandi.
17. Gunnhildur Viðarsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Danmörku.
18. Güngör, Tamzok, verkamaður á Eskifirði, f. 27. desember 1954 í Tyrklandi.
19. Gökken, Gören, barn í Mosfellshreppi, f. 24. janúar 1979 í Tyrklandi.
20. Halldór Jóhann Ragnarsson, barn í Kópavogi, f. 13. sept. 1981 í Indónesíu.
21. Helga Guðríður Ottósdóttir, barn á Kjalarnesi, f. 22. sept. 1981 í Indónesíu.
22. Helgi Már Hannesson, barn í Keflavík, f. 22. janúar 1980 í Guatemala.
23. Henocque, Matthieu Charles Florimond, sjómaður í Reykjavík, f. 17. júní 1949 í Frakklandi. Fær réttinn 27. sept. 1982.
24. Higazi, Fawaz Kamal Abdel Fattah, verkamaður í Reykjavík, f. 13. mars 1953 í Jerúsalem.
25. Jones, Alan, sjómaður á Raufarhöfn, f. 7. janúar 1948 í Englandi.
26. Jóhannes Birgir Pálmason, barn í Reykjavík, f. 3. desember 1981 í Líbanon.
27. Júlíus Þór Sigurjónsson, barn í Keflavík, f. 18. febrúar 1981 í Indónesíu.
28. Kelley, Donald Thor, verkamaður á Akureyri, f. 6. júlí 1964 í Bandaríkjunum.
29. Kettler, Ernst Rudolf, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. 23. febrúar 1942 í Austurríki.
30. Keyser, William Gísli, nemi í Reykjavík, f. 8. júní 1957 á Íslandi.
31. Lassen, Helle, húsmóðir í Breiðdalshreppi, f. 2. janúar 1952 í Danmörku.
32. Lindgren, Milda Elvira, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. október 1912 í Finnlandi.
33. Lundgren, Per Bjarni Haumann, verkamaður í Kópavogi, f. 10. ágúst 1957 á Íslandi.
34. Marlies, Michael Willard, lektor á Seltjarnarnesi, f. 26. mars 1943 í Bandaríkjunum.
35. Marlowe, Halldóra Patricia, barn á Ísafirði, f. 21. nóvember 1975 í Bandaríkjunum.
36. Marlowe, María Berglind, barn á Ísafirði, f. 26. janúar 1980 á Íslandi.
37. Merbt, Petra Maren, húsmóðir í Glæsibæjarhreppi, f. 22. júlí 1943 í Þýskalandi. Fær réttinn 29. júlí 1982.
38. Mikkelsen, Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 19. júní 1950 í Danmörku.
39. Münoz, Simeona, ljósmóðir á Akureyri, f. 18. febrúar 1951 í Filippseyjum.
40. Nielsen, Jens Grome Schirmer, sjómaður í Neskaupstað, f. 6. júní 1947 í Danmörku.
41. Olsen, Johannes Martin, sjómaður í Reykjavík, f. 1. mars 1927 í Færeyjum.
42. Olivares, Juana Dominga Cardenas, starfsstúlka í Kópavogi, f. 4. ágúst 1959 í Nicaragua.
43. Ólafur Geir Ottósson, barn á Kjalarnesi, f. 4. ágúst 1980 í Indónesíu.
44. Ólafur Pálsson, barn í Reykjavík, f. 31. október 1981 í Líbanon.
45. Paruksa, Ubonwan, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 20. mars í Thailandi. Fær réttinn 21. desember 1982.
46. Rakel Rós María Njálisdóttir, barn á Seltjarnarnesi, f. 2. janúar 1981 í Guatemala.
47. Schneider, Sebastian Bernhard, barn í Glæsibæjarhreppi, f. 5. mars 1967 í Þýskalandi.
48. Singh, Manjit Singh Nand Singh Santa, þjónn í Reykjavík, f. 7. október 1949 í Kenya.
49. Stapelfeldt, Dörte Maria Elli, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 29. janúar 1941 í Þýskalandi.

50. Steen-Johan Steingrímsson, öryrki í Reykjavík, f. 8. ágúst 1954 á Íslandi.
51. Takefusa, Björgólfur Hideaki, barn í Reykjavík, f. 11. maí 1980 á Íslandi.
52. Than, Samuel Neak, verkamaður í Reykjavík, f. 28. sept. 1937 í Cambódíu.
53. Tryggvi Ottósson, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 2. mars 1961 á Íslandi.
54. Winkel, Jón Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 4. maí 1967 í Danmörku.
55. Winkel, Poul Eigil, nemi í Reykjavík, f. 10. júlí 1973 í Danmörku.
56. Þóra Kristín Ludwigsdóttir, barn í Hafnarfirði, f. 24. janúar 1982 í Indónesíu.
57. Özcan. Ómar, barn í Noregi, f. 29. nóvember 1980 á Íslandi.

## 2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Friðjón Þórðarson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1982

19. maí 1982.

87

Nr. 67.

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Hæstarétt skipa átta dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

3. málslíður 2. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Þrír dómara geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.

3. gr.

3. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómara skipi dóm. Dómara skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum til-  
lögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara  
eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómari í Hæstarétti. Er  
rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum  
aðilum að taka við setningu.

Nú er dómari settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun  
hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur  
þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hæstiréttur skipar dómnum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslíð.  
Hæstaréttarritari skal fullnægja almennum dómarskilyrðum.

6. gr.

Í stað orðanna „200 þúsund krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 24/1979, komi orðin: 7 000 krónur.

7. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist:

Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „sekt að fjárhæð 200—4 000 krónur“ í niðurlagi 21. gr. laganna komi: allt að 2 000 króna sekt.

9. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðrétt eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.

10. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1982.

Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1982 og 1983 getur dómismálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Friðjón Þórðarson.*

Nr. 68.

14. maí 1982.

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. málsg. 2. gr. laga nr 35/1960 orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsuþótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð,

og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni. Þegar um er að ræða dvöl á elliheimili, sérhönnuðum heimilum eða íbúðum fyrir aldraða eða öryrkja getur sveitarstjórn heimilað undanþágu frá þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1981.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Svavar Gestsson.*

18. maí 1982.

Nr. 69.

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

- 1) Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.
- 2) Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.
- 3) Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.
- 4) Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.
- 5) Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.
- 6) Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
- 7) Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.
- 8) Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.
- 9) Ísafjarðarumdæmi: Ísafjardarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjardarsýslur.
- 10) Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.
- 11) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
- 12) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
- 13) Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur, Akrahreppur.

- 14) Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fells-  
hreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Siglufjörður.
- 15) Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Ár-  
skógshreppur.
- 16) Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Óxna-  
dalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
- 17) Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Önguls-  
staðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svaibarðsstrandarhreppur, Hálshreppur.
- 18) Þingeyjarumdæmi vestra: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur  
vestan Fljótsheiðar.
- 19) Þingeyjarumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Keldunes-  
hreppur.
- 20) Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahrepp-  
ur, Vopnafjarðarhreppur.
- 21) Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og  
Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiða-  
hreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.
- 22) Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur,  
Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.
- 23) Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Neskaupstaður, Helgustaðahreppur, Eski-  
fjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur. Íbúar hreppanna sunnan Odds-  
skarðs geta þó vitjað héraðsdýralækni í Austurlandsumdæmi nyrðra, ef þeir óska þess.
- 24) Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
- 25) Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallar-  
hreppur, Skaftártunguhreppur, Áltavershreppur.
- 26) Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-  
Eyjafjallahreppur.
- 27) Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fjótshlíðar-  
hreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.
- 28) Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Asahrepp-  
ur, Holtahreppur, Landmannahreppur.
- 29) Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.
- 30) Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugar-  
dalshreppur, Þingvallahreppur.
- 31) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur,  
Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur,  
Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu  
fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að  
þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 18. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Logi Einarsson.**

(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1982

17. maí 1982.

91

Nr. 70.

## LÖG

### um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verkmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálm og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.

#### 2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafélagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta. Verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar.

#### 3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 25 000 000 í hlutafé í félaginu á árinu 1982 og taka lán í því skyni.

Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

- a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.
- b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.
- c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar.

Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.



## 4. gr.

Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni enn fremur heimilt:

1. Að taka lán í því skyni að greiða hlutafjárframlag sitt, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.
2. Að láta byggja og reka höfn, sem félagið hafi aðgang að við Mjóeyri í Reyðarfirði.
3. Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri.
4. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri til flutnings á rafmagni til byggingar og reksturs verksmiðju félagsins, til hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.
5. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að kr. 300 000 000 eða taka lán að sömu fjárhæð og endurlána félaginu til byggingar verksmiðjunni.
6. Að lækka stimpilgjöld vegna stofnlána sem félagið tekur og fella niður stimpilgjöld af hlutabréfum í félaginu.
7. Fjárhæðir í 3. gr. og 5. tölulið þessarar greinar miðist við lánskjaravísitölu 1. mars 1982. Heimildum ríkissjóðs skv. 1., 2., 4. og 5. tölulið hér að framan verður ekki beitt fyrir en samþykki Alþingis skv. 3. mgr. 3. gr. hefur verið veitt.

## 5. gr.

Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Helgustadahrepps og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, sem umráða- og hagsmunaaðilum, heimilt að selja ríkissjóði kristfjarðirnar Sómastaði, Sómastadagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi.

Andvirði hinna seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustadahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, og ráðstöfun söluandvirðis skal vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjargjafa.

Fjármálaráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs kristfjarðirnar Sómastaði, Sómastadagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi ásamt mannvirkjum og ræktun og leigja hlutafélagi skv. 1. gr. lóð úr landi jarðanna undir starfsemi þess og selja hafnarsjóði skv. 10. gr. úr landi jarðanna hentugt jarðnaði vegna hafnar við Mjóeyri í Reyðarfirði.

Verð jarðanna, mannvirkja á þeim svo og ræktunar fer eftir því sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

## 6. gr.

Tala stofnenda hlutafélagsins skal vera óháð 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 og tala hluthafa skal vera óháð 1. mgr. 17. gr. laganna. Enn fremur er félagið undanþegið ákvæði 2. mgr. 47. gr. um kjör meiri hluta stjórnar á hluthafafundi.

## 7. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 menn hið fæsta og 9 menn hið flesta og varamenn þeirra.

Alþingi kys hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins og varamenn þeirra til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir formann stjórnar úr hópi þingkjörinna stjórnarmanna.

Í upphafi, er lög þessi hafa verið samþykkt, skal Alþingi kjósa 7 stjórnarmenn og 7 varamenn þeirra. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast 10% og allt að 20% hlutafjár félagsins skulu þeir kjósa einn stjórnarmann og síðan einn stjórnarmann fyrir hver 10% hlutafjár til viðbótar. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast þrjá stjórnarmenn fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs um einn í sex, og þegar aðrir hluthafar hafa eignast fjóra fulltrúa fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs í fimm. Allar breytingar á stjórn félagsins miðast við aðalfund félagsins.

Atkvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum.

## 8. gr.

Hlutafélagi skv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru álögd hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda skv. lögum á hverjum tíma.

Félagið skal greiða árlegt gjald, er nemi allt að 1% af aðstöðugjaldstofni. Gjald þetta kemur í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins skv. lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

Alþingi skal ákveða skiptingu gjaldsins og ráðstöfun áður en rekstur verksmiðju félagsins hefst.

Gjaldið skal lagt á og innheimt á sama hátt og aðstöðugjald og greiðast á sömu gjald-dögum og aðstöðugjald. Taka má gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

## 9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingavörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

Rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku.

## 10. gr.

Höfnin við Mjóeyri skal vera í eigu hafnarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps eða sérstaks hafnarsjóðs, sem stofnað yrði til skv. ákvæðum hafnalaga, og tryggi Reyðarfjarðarhöfn eða nýr hafnarsjóður hlutafélaginu afnot af höfninni með kjörum sem ríkisstjórnin samþykkir.

## 11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Mjóeyri af hennar völdum.

Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla sem settir eru skv. þeim.

Hlutafélagið skal kosta rannsóknir sem hlutadeigandi stjórnvöld telja nauðsynlegar til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.

Ef ágreiningur rís um eðli og umfang nauðsynlegra rannsókna skv. 3. mgr. sker ráðherra úr um ágreininginn.

## 12. gr.

Við kísilmálmverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfslíði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfslíðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfslíðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.****Jón Helgason.**  
(L. S.)**Logi Einarsson.**

---

*Hjörleifur Guttormsson.*

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 27. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1982

13. maí 1982.

95

Nr. 72.

## LÖG

### um námslán og námsstyrki.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

##### 1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

##### 2. gr.

Nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skulu njóta námsaðstoðar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt og stundi sérnám.

Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er Lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis, verði hliðstætt nám ekki stundað á Íslandi.

##### 3. gr.

Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð.

Peir, sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta, er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði, þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.

## 4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig:

Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn skv. tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar námsmanna sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðs-stjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

## 5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt II. kafla laga þessara.
3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Útborgun lána, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun. Bókhaldi skal haga skv. fyrirætlum ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

## II. KAFLI

**Um námslán og námsstyrki.**

## 6. gr.

Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrir en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum víxillán, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað. Þó skal námsaðstoð ekki veitt nema framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn þeir sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu eins manns um það að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess, sbr. þó 3. mgr. 7. gr. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skulu fullnægja.

## 7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölu eða útreikningi hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðsstjórnin skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi. Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldur og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar. Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 3. mgr. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum og ábyrgð tveggja manna, sbr. 1. mgr. 6. gr., til að greiða tímabundinn námskostnað, enda fullnægi námsmenn almennum skilyrðum til námsaðstoðar. Víxlarnir skulu annaðhvort endurgreiðast í reiðufé eða með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.

#### 8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst árgreiðsla er kr. 1 200 miðað við lánskjaravísitölu 135 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundraðshluta af útsvarsstofni dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

Endurgreiðslum skal ljúka ekki síðar en 40 árum eftir að þær hefjast og eru eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr. um vanskil og vantalingu tekna. Endurgreiðslur skulu standa yfir í 5 ár hið skemmsta, þó þannig að það skerði ekki fasta greiðslu skv. 2. mgr.

Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 2. og 3. mgr. ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára, t. d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu skv. 2. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi er sækir um undanþágu skv. 5. mgr. skal leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu getur verið annaðhvort að hluta eða öllu leyti, eftir atvikum.

Heimilt er að endurgreiða lán örvar en mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

#### 9. gr.

Hverri árlegri endurgreiðslu skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli, annars vegar við lánskjaravísitölu við lántöku, sbr. 1. mgr. 7. gr., og hins vegar hækkun vísitölu fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla er innt af hendi.

Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður.

Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama máli gegnir um eftirstöðvar námslána sem felld eru í gjalddaga skv. 11. gr.

#### 10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem er við gildistöku laga þessara skal viðbótargreiðsla skv. 3. mgr. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal

nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan, en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri árlegar endurgreiðslur hvers lánþega sem líkastar því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþegni áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós innan þeirra tíma marka er getur í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 40/1978 að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnistæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og haga árlegum endurgreiðslum í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki er unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því skal stjórn Lánasjóðs áætla honum ríflegan útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

#### 11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að viðbótargreiðslur skv. 3. mgr. 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar vegna þess að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu. Sú hækkun sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkun er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun.

#### 12. gr.

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám sem ekki verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum aukalán eða styrk úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf.

#### 13. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er háttað um.

#### 14. gr.

Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórnin telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar. Innlendum námsstofnunum sem lög þessi taka til er skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

### III. KAFLI

#### Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

##### 15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðast af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

##### 16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðargreiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af innritunargjaldi. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóðurinn innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar og skal árlega gefa út úthlutunarreglur sjóðsins, samþykktar af ráðherra.

##### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### 1.

Ákvæði 3. gr. þessara laga tekur gildi í áföngum þannig að hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna hækkar úr 90 í 95% 1. janúar 1983 og úr 95 í 100% 1. janúar 1984.

##### 2.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um aðild námsmanna að lífeyrissjóði tekur gildi 1. janúar 1985 og skal stjórn Lánasjóðsins hafa sett fram áður tillögur um framkvæmd þessa ákvæðis.

##### 3.

Hundraðshlutinn í 3. mgr. 8. gr. skal vera 3,5% fyrir þá sem fá meira en helming af raunvirði námslána sinna áður en 3. gr. laga þessara er að fullu gengin í gildi, sbr. bráðabirgðaákvæði 1.



4.

Ef lánþegi Lánasjóðs samkvæmt þessum lögum er jafnframt að inna af hendi greiðslur samkvæmt eldri lögum, dragast síðarnefndu greiðslurnar frá þeirri upphæð sem lánþega bæri annars að greiða samkvæmt þessum lögum.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Ingvar Gíslason.*

Nr. 73.

13. maí 1982.

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, svo og lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.**

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI

#### **Um breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna.**

##### 1. gr.

2. gr. laga nr. 46/1965 orðist svo:

Fyrirverandi alþingismaður á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum þegar svo stendur á að:

1. Hann verður 65 ára.
2. Hann lætur af þingmennsku, enda verði hann 65 ára innan 4 ára frá því þingmennsku hans lýkur.
3. Samanlagður aldur hans og tvöfaldur sá tími, sem hann hefur setið samtals á þingi, nær 95 árum, enda hafi hann náð 60 ára aldri.
4. Hann verður öryrki. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrirverandi alþingismanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Í slíkum tilvikum skal farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

##### 2. gr.

3. gr. laga nr. 46/1965 orðist svo:

Fyrirverandi alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt sem hér segir:

1. Fyrir þingsetu í samtals 5 ár eða skemur: 2% fyrir hvert heilt ár og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

2. Fyrir þingsetu í samtals allt að 9 ár: 30%.
3. Fyrir þingsetu í samtals allt að 12 ár: 40%.
4. Fyrir þingsetu í samtals allt að 15 ár: 50%.
5. Fyrir þingsetu í samtals allt að 18 ár: 55%.
6. Fyrir þingsetu í samtals allt að 21 ár: 60%.
7. Fyrir þingsetu í samtals 21 ár eða lengur: 62% að viðbættum 2% fyrir hvert heilt ár, og samsvarandi fyrir hluta úr ári, sem þingsetan er samtals lengri en 21 ár. Eftirlaunarétturinn verður þó aldrei meiri en 70%.

Fyrir þingsetu umfram 5 ár skv. tölulíðum 2 til 6 skal lífeyrisréttur breytast hlutfallslega fyrir hvert ár innan hinna tilgreindu tímabila.

Eftirlaunin skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þess, sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

Eftirlaun greiðast ekki meðan hinn fyrrverandi alþingismaður fær greidd biðlaun samkvæmt 8. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.

### 3. gr.

4. gr. laga nr. 46/1965 falli niður.

### 4. gr.

Núverandi 5. gr. laga nr. 46/1965 verði 4. gr. og orðist svo:

Eftirlifandi maki alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maki skal vera 20% að viðbættum helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt skv. 3. gr.

Eftirlaun maki skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þess sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

### 5. gr.

Ný grein, er verði 5. gr. laga nr. 46/1965, orðist svo:

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundradshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundradshlutar af hámarksörorkulífeyri. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóti sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

### 6. gr.

7. gr. laga nr. 46/1965 orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, er sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum og hefur ekki áhrif á slík réttindi að öðru leyti en um getur í 2. mgr.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður áunnið sér eftirlaunarétt í hinni almennu deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samtímis því að hann ávann sér rétt í alþingismannadeild sjóðsins, án þess þó að launaskerðing samkvæmt 11. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna, eða ákvæði eldri þingfararkaupslaga hafi skert eftirlaunaréttinn í almennu

deildinni og skulu þá eftirlaunin úr alþingismannadeildinni lækka um sömu upphæð og því nemur sem eftirlaunin úr almennu deildinni hefðu lækkað ef eftirlaunarétturinn þar hefði skerst í samræmi við launaskerðingu þingfararkaupslaga eins og þau voru á hverjum tíma.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú hefur maður þegar eða við lok yfirstandandi kjörtímabils öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 46 14. maí 1965, og heldur hann þá rétti til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.

## **II. KAFLI**

### **Um breyting á lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra.**

#### **7. gr.**

2. gr. laga nr. 47/1965 orðist svo:

Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða er öryrki á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meiri. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrirverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Skal í slíkum tilvikum farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

#### **8. gr.**

3. gr. laga nr. 47/1965 orðist svo:

Fyrirverandi ráðherra, sem gegnt hefur embætti a. m. k. eitt ár og uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt, er nemur 6% fyrir hvert ár og samsvarandi hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð í ráðherraembætti, þó aldrei meira en 50%.

Eftirlaunin skulu fylgja ráðherralaununum, eins og þau eru á hverjum tíma, og vera sá hundradshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

Eftirlaunin greiðast ekki meðan hinn fyrirverandi ráðherra fær greidd biðlaun samkvæmt 29. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og ekki heldur meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun samkvæmt lögum nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.

#### **9. gr.**

4. gr. laga nr. 47/1965 falli niður. (Númer annarra greina breytist til samræmis).

#### **10. gr.**

Núverandi 5. gr. laga nr. 47/1965, er verði 4. gr., orðist svo:

Eftirlifandi maki ráðherra eða fyrirverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maka skal vera 20% að viðbættum 50% af þeim hundradshluta sem hinn látni ráðherra hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt skv. 3. gr.

Eftirlaun maka skulu fylgja ráðherralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og vera sá hundradshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkv. 1. mgr. segir til um.

#### **11. gr.**

Núverandi 6. gr. laga nr. 47/1965, er verði 5. gr., orðist svo:

Nú andast ráðherra eða fyrirverandi ráðherra, sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt 3. gr. laga þessara áður en hann náði 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til eftirlauna samkvæmt 5. gr. laga þessara. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. eiga einnig við í þessu tilviki.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú hefur maður þegar öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 47 14. maí 1965, og fer þá um rétt hans til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.

## III. KAFLI

**Um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.**

## 12. gr.

Aftan við 12. gr. laga nr. 29/1963 bætist ný málsgrein er verði 10. mgr. svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.

## 13. gr.

Aftan við 12. gr. laga nr. 29/1963 bætist ný málsgrein er verði 11. mgr. svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralaun eða biðlaun.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Friðjón Þórðarson.*

## LÖG

**um brunavarnir og brunamál.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

**Stjórn brunamála.**

## 1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

## 2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar 3ja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu

Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands Ísl tryggingafélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.

Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum.

Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.

### 3. gr.

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

- a. Að leiðbeina sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
- b. Að hafa á hendi tækniaðstoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv. í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.
- c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum, sem kveðið er á um í reglugerð, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum, sem að brunamálum lúta, sé fullnægt.
- d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
- e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og undirbúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
- f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og advörunarkerfum.
- g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.
- h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélagunum og aðalnidurstöður þeirra skal birta opinberlega.
- i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
- j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

### 4. gr.

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnaeftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnamál sveitarfélagsins.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

## II. KAFLI

**Um slökkvilið og slökkvistarf.**

## 5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða.

## 6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í förföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

## 7. gr.

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviafinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar, en hafa skal hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

## 8. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

## 9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

## 10. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 29. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971. Þeir, sem verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag um bætur, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

## 11. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef það hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunarinnar.

## 12. gr.

Verði eldur laus eða bráð hættu er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem kunna að vera í hættu, og kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

## 13. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

## 14. gr.

Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum samkv. 13. gr., telst brunatjón.

## 15. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæslu við slökkviliðsæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

## 16. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

## 17. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin undæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

## III. KAFLI

**Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.**

## 18. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastjóra.

## 19. gr.

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að stærrí fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegum sérstaks búnaðar til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

## 20. gr.

Nauðsynlegum útbúnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Slökkviliðs-  
tjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

## 21. gr.

Fara skal þannig með eld eða eldfim efni, að sem allra minnst hættu sé á því að eldsvoði  
geti af því hlotist.

## IV. KAFLI

**Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.**

## 22. gr.

Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans  
stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra,  
fulltrúa hans, sbr. 15. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

## 23. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef  
kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunar-  
innar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki  
að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka  
rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja  
fyrir.

## V. KAFLI

**Um brunavarnagjald o. fl.**

## 24. gr.

- a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni  
1.75% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og  
lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar  
tryggingu. Viðlagatrygging Íslands skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni.  
Framlög þessi skulu greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á  
undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.
- b. Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðu-  
neytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skodunargjöld og önnur gjöld, er bruna-  
málastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.
- c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir  
rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

## VI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 25. gr.

Slökkviliðs-  
tjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og  
reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og  
aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.



## 26. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar samkvæmt þeim eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Þegar svo stendur á og upp kemur ágreiningur milli hans og húsráðanda um úrbætur, ber slökkviliðsstjóra tafarlaust að vísa málinu til stjórnar Brunamálstofnunar ríkisins, sem úrskurðar ágreininginn. Slökkviliðsstjóra eða brunamálstjóra ber að kæra brot til héraðsdómara sé ekki farið að úrskurði þeirra.

Að fengnu samþykki Brunamálstofnunar ríkisins getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra eða héraðsdómara ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað húsráðanda eða ákveðið dagsektir á hendur honum allt að 0,1% af brunabótamati viðkomandi byggingar á dag, uns úr verður bætt. Dagsektir renni til ríkissjóðs. Þá getur slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt, að stöðva rekstur í viðkomandi byggingu og loka henni, þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

## 27. gr.

Nú telur brunamálstjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr., og skal brunamálstjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálstofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina, og hefur brunamálstjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt.

Ef brunamálstjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálstofnunar.

## 28. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu stjórnar brunamálstofnunar, reglugerðir þar sem áttánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

## 29. gr.

Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennum reglum og venjum um mót dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

## 30. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 26. og 27. gr., má innheimta með lögtaki.

## 31. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

## 32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.**

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 1. gr. laga nr. 34/1980 orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en einni milljón króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

## 2. gr.

Lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963.

Í 1. mgr. 11. gr. laganna falli niður orðin „allt að kr. 50 000“.

## 3. gr.

Lög um kosningar til Alþingis nr. 52/1959.

A. Í 140. gr. falli niður orðin „frá 1 000—20 000 kr.“

B. Í 141. gr. falli niður orðin „frá 400—4 000 kr.“

C. Í 142. gr. falli niður orðin „2 000—20 000 króna.“

D. Í 143. gr. falli niður orðin „1 000—20 000 króna.“

## 4. gr.

Lög um sparisjóði nr. 69/1941.

Í 1. mgr. 29. gr. falli niður orðin „allt að 500 kr.“

## 5. gr.

Lög um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, auk þess má með dómi svipta mann rétti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann áður sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

## 7. gr.

Lög um dýravernd nr. 21/1957.

Í 1. mgr. 18. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, falli niður orðin „allt að 10 þús. kr.“

## 8. gr.

Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim nr. 28/1940.

A. 3. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 72/1954, orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum eða varðhaldi.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

B. 4. gr. laganna falli niður.

## 9. gr.

Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Í 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 60/1980, falli niður orðin „allt að 6 millj. króna“.

## 10. gr.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953.

A. 2. mgr. 4. gr. falli niður.

B. 7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum.

## 11. gr.

Vegalög nr. 6/1977.

Í 85. gr. falli niður orðin „allt að 100 þúsund krónum“.

## 12. gr.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 83/1966.

Í 10. gr. falli niður orðin „frá 1 000—10 000 kr.“

## 13. gr.

Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970.

Í 11. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 krónum“.

## 14. gr.

Lög um fjarskipti nr. 30/1941.

Í 1. tl. 27. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 krónum“.

## 15. gr.

Lög um skipulag ferðamála nr. 60/1976.

Í 37. gr. falli niður orðin „allt að 100 000,00 kr.“

## 16. gr.

Lög um brunvarnir og brunamál nr. 55/1969.

Í 34. gr. falli niður orðin „1 000—100 000 krónum“.

## 17. gr.

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1/1890, sbr. l. nr. 67/1919.

A. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Brot gegn samþykktunum varða sektum.

B. Niðurlag 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af brotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

C. 6. gr. orðist svo:

Með mál sem rísa út af brotum á samþykktunum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum nr. 32/1924.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum samþykktanna varða sektum. Með mál sem rísa út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8/1966.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

20. gr.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947.

Í niðurlagi 1. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“

21. gr.

Skipulagslög nr. 19/1964.

A. Í 1. mgr. 36. gr. falli niður orðin „allt að 100 000 krónum.“

B. Í 2. mgr. 36. gr. breytist töluorðið „1 000“ í 5 000.

22. gr.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs nr. 38/1945.

Í 5. gr. falli niður orðin „50—5 000 kr.“

23. gr.

Lög um innflutning búfjár nr. 74/1962.

Í 21. gr. falli niður orðin „1 000—100 000 krónum“.

24. gr.

Lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins nr. 11/1928.

A. Í 1. mgr. 6. gr. falli niður orðin „frá 100—10 000 krónum“.

B. Í 2. mgr. 6. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 16/1952, falli niður orðin „500—50 000 kr.“

25. gr.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956.

1. mgr. 46. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt

þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og skal mál út af þeim brotum fara að hætti opinberra mála.

## 26. gr.

Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 95/1981.

A. Í 1. mgr. 46. gr. breytist orðið „lögreglumál“ í mál og niður falli orðin frá „50—500 kr.“

B. Í 2. mgr. 46. gr. breytist töluorðin „1—100“ í 10—1 000.

## 27. gr.

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948.

Í 3. gr., sbr. 2. gr. 1. nr. 45/1974, falli niður orðin „frá kr. 10 000,00 til kr. 1 000 000,00“.

## 28. gr.

Lög um róðrartíma fiskibáta nr. 47/1973.

Í 3. gr. falli niður orðin „frá kr. 5 000,00—50 000,00“.

## 29. gr.

Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar nr. 62/1962.

Í 11. gr. falli niður orðin „allt að kr. 2 000 000,00“.

## 30. gr.

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17/1936.

A. 5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Brot á samþykktum, sem settar verða skv. lögum þessum, varða sektum.

B. 6. mgr. 3. gr. orðist svo:

Með mál út af brotum á samþykktunum skal farið að hætti opinberra mála.

## 31. gr.

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða nr. 3/1902.

A. 2. gr. orðist svo:

Brot gegn lögnum varða sektum. Heimilt er að beita eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga. Mál út af brotum á lögnum sæta meðferð opinberra mála.

B. 3. gr. falli niður.

## 32. gr.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum nr. 30/1966.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Fara skal með mál út af brotum á þeim að hætti opinberra mála.

## 33. gr.

Lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979.

Í 2. mgr. 17. gr. falli niður orðin „allt að 15 millj. kr.“

## 34. gr.

Sjómannalög nr. 67/1963.

- A. Í 74. gr. falli niður orðin „1 000—10 000 kr.“
- B. Í 76. gr. falli niður orðin „1 000—10 000 króna“.
- C. Í 78. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
- D. Í 81. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
- E. Í 84. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
- F. Í 86. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
- G. Í 88. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

## 35. gr.

Lög um skipamælingar nr. 50/1970.

Í 16. gr. falli niður orðin „frá 2 000 til 20 000 kr.“

## 36. gr.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 69/1973.

Í 1. mgr. 29. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00“

## 37. gr.

Lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum nr. 72/1966.

Í 29. gr. falli niður orðin „frá kr. 1 000,00 til kr. 20 000,00“.

## 38. gr.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar nr. 56/1932.

A. 6. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Ef um stórfellt brot er að ræða af hendi skipstjóra má ennfremur svipta hann réttindum til skipstjórnar með dómi.

Brot gegn lögum þessum og tilskipunum og reglum settum samkvæmt þeim sæta meðferð opinberra mála.

B. 7. gr. falli niður.

## 39. gr.

Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháaska og um ráðstafanir er skip rekast á nr. 13/1899.

Í 2. mgr. 1. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“

## 40. gr.

Lög um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

27. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

## 41. gr.

Lög um bann gegn jarðraski nr. 123/1940.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotum að hætti opinberra mála.

## 42. gr.

Hafnalög nr. 45/1973.

Í 27. gr. falli niður orðin „allt að 100 000,00 krónum“.

## 43. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum nr. 20/1973.

Í 1. mgr. 6. gr. falli niður orðin „frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum“.

## 44. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það nr. 53/1973.

Í 1. mgr. 4. gr. falli niður orðin „frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum“.

## 45. gr.

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963.

Í 27. gr. falli niður orðin „allt að 100 þús. kr.“

## 46. gr.

Lög um eyðingu refa og minka nr. 52/1957.

Í 1. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 krónum“.

## 47. gr.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966.

A. 2. mgr. 17. gr. orðist svo:

Brot gegn löggiltri samþykkt varða sektum. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

B. 1. mgr. 37. gr. orðist svo:

Hver sá, sem sekur gerist um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrdill, enda sé síðasttalda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Sama gildir um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, sem sekur hefur reynst um brot á lögnum.

C. 38. gr. orðist svo:

Ólögleg eggjataka varða sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrdöls, svo og æðaregg. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

D. 39. gr. orðist svo:

Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggjaskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

E. 40. gr. orðist svo:

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. gr. og 37.—39. gr., varða sektum, varðhaldi eða fangelsi.

F. 41. gr. falli niður.

48. gr.

Lög um fasteignasölu nr. 47/1938.

A. 11. gr. falli niður.

B. 12. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

49. gr.

Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur) nr. 6/1926.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal fara með mál af þeim að hætti opinberra mála.

50. gr.

Lög um getraunir nr. 59/1972.

Í niðurlagi 10. gr. falli niður orðin „allt að 100 þús. kr.“

51. gr.

Lög um einkaleyfi nr. 12/1923.

A. 2. og 3. ml. 21. gr. orðist svo:

Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum.

B. 1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá einn höfðað sem misgert er við.

52. gr.

Lög um verlanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

Í 23. gr. falli niður orðin „frá 5—500 kr.“

53. gr.

Lög um flugvallagjald nr. 8/1976.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „allt að 10 000 000 króna“.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Friðjón Þórðarson.*



# LÖG

## um lyfjadreifingu.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

#### **Yfirstjórn.**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn lyfjadreifingar samkvæmt lögum þessum. Í því ráðuneyti starfar deildarstjóri (lyfjamálastjóri) sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga til að öðlast lyfsöluleyfi.

#### II. KAFLI

### **Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.**

##### 2. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem ráðherra setur með hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57 20. maí 1978.

##### 3. gr.

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

Heimilt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis, að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaförða í héraði sínu. Enn fremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.

Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.

Skipunartími nefndarmanna er þrjú ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu, ef umsækjendur eru fleiri en þrír.

Nú sækir enginn um tiltekið lyfsöluleyfi eða enginn umsækjandi er talinn hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því fylgir samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki þangað til umsækjandi gefur sig fram, og er þá lyfsöluleyfi auglýst að nýju eða lyfsöluleyfi úr gildi fellt.

Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsóknna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi, sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið, verður ekki framselt. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs.

Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

#### 4. gr.

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 1. málsgr. 3. gr.

Aður en leyfisbréf er afhent ber lyfsala að undirrita heit um að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviseksemi og í samræmi við landslög.

Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn skv. 1. málsgr. 3. gr. Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. málsgr. 3. gr., og staðfestir ráðherra ráðningu þeirra.

#### 5. gr.

Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki vera eigandi eða starfsmaður lyfjabúðar, sbr. III. kafla.

#### 6. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður, ef leyfishafi:

1. Tekur ekki við rekstri innan þess frests, sem tiltekinn er í 10. gr.
2. Deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr.
3. Hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar samkvæmt 13. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný.
4. Fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð.
5. Er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess árs, sem leyfishafi verður sjötugur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 1. tölulið.

Ef leyfishafi óskar, getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

### III. KAFLI

#### Um rekstur lyfjabúða.

#### 7. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir, og auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfa er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

#### 8. gr.

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

Ráðherra ákveður með reglugerð hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn sem og aðrar vörur lyfjabúðir mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjanefnd skal gera tillögur um reglugerð þessa í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins, Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands.

9. gr.

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

Nú deyr lyfsali og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda staðfestir ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka ákveður ráðherra hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

10. gr.

Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi, sem laust er til umsóknar, hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafist þess að hefja reksturinn fyrir en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þess frests sem greindur er í 1. og 2. málsgrein.

11. gr.

Ef lyfsali lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans óskar þess og/eða aðrar ástæður mæla með því, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti sem þær eru nothæfar.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans óskar þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi. Ef lyfjabúð flytur í heilsugæslustöð við lyfsalaskipti, er lyfsölusjóði heimilt að kaupa húseign þá er lyfjabúðin er í og búnað hennar, þegar svo stendur á.

Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að tvö ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskmála skal lokið með þeim hætti er segir í 5. málsgrein.

Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári.

Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur, eða lyfsölusjóðs og hins fráfarandi eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómarskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

Gerðardómur ákveður hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

Nýi leyfishafinn getur krafist að fá keyptan búnað og áhöld lyfjabúðarinnar sem teljast nauðsynleg til rekstrarins. Nýi leyfishafinn hefur forkaupsrétt að húsnæði lyfjabúðarinnar.

#### 12. gr.

Lyfsali samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar 4. greinar skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar svo og undirstofnunum, sbr. VI. kafla.

Handhafi lyfsöluleyfis (Háskóli Íslands, sjúkrahúsapótek, samvinnufélög, lyfsölusjóður) ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 4. greinar. Hann skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar.

Pegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa og forstöðumann lyfjabúðar samkv. 4. gr. eftir því sem við á.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsala ber að skipuleggja störf í lyfjabúð sinni á þann hátt að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli. Sérstaklega er lyfsala skylt að gæta þess um lyfjagerð, lyfjaafgreiðslu og hvers konar meðferð lyfja, að störfum og skráningu starfa sé þannig hagað, að jafnan sé auðrakið hver starfsmaður eigi hlut að máli, ef misferli kynni að eiga sér stað.

Nú verða mistök um gerð eða afhendingu lyfs í lyfjabúð og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mæld lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ónógs eftirlits, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar, enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

#### 13. gr.

Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum skal hann fela lyfjafræðingi að annast daglega stjórn lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði að ræða.

Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast daglega stjórn innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fánlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við Lyfjaeftirlit ríkisins um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn áfram og bera faglega ábyrgð á honum. Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

### IV. KAFLI

#### Starfsmenn lyfjabúða.

#### 14. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfjafræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn lyfjafræðimenntaður maður auk lyfsala getur ráðuneytið leyft, að hann sé aðstoðarlyfjafræðingur. Ráðherra getur og leyst lyfsala sem rekur litla lyfjabúð undan skyldu til að hafa aðstoðarlyfjafræðing enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins með því. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins, gefið leiðbeiningar um hver sé nauðsynlegur fjöldi starfsmanna í lyfjabúð, sundurliðað í menntunarstig.

## 15. gr.

Um nám, próf og starfsréttindi lyfjataekna, svo og annars afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum, sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heilðsölu, skulu sett ákvæði í reglugerð. Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins í reglugerð að vista lyfjataekninema til verklegs náms.

Ráðuneytinu er heimilt að starfrækja námskeið eða skóla í lyfjataekni í samvinnu við samtök lyfsala og lyfjafræðinga.

## 16. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni. Starfsfólk lyfjabúða skal árlega gangast undir almenna læknisrannsókn.

## 17. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

## 18. gr.

Nú telur Lyfjaeftirlit ríkisins rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu af hendi lyfsala og annarra starfsmanna lyfjabúðarinnar, og skal eftirlitið þá tilkynna ráðuneytinu og landlækni það. Ráðherra ákveður eftir málsatvikum, hvernig farið skuli með hvert einstakt slíkt mál.

Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið áður en ráðherra ræður því til lykta.

## V. KAFLI

**Um afgreiðslu lyfja.**

## 19. gr.

Ráðherra mælir með reglugerð fyrir um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverslana, þar á meðal um þær bækur, sem lyfsölum er skylt að halda.

## 20. gr.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða. Lyfjabúð skal eins fljótt og auðið er afgreiða lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum.

## 21. gr.

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja.

## 22. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 51 2. maí 1968 um bókhald ber honum að hlíta ítarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð.

Skylt er þeim, sem selja lyf, að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, ef þess er krafist í umboði ráðherra.

## 23. gr.

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.

## 24. gr.

Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eitureiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaförða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fánlegur til starfa í lyfjaförða er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.

## 25. gr.

Meðferð lyfja og eiturefna skal ávallt háð eftirliti lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og skulu þeir sjá um að gildandi reglum sé í hvívetna fylgt.

## 26. gr.

Lyfsali er skyldur til að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu, þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má afgreiða á þann hátt. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða sjúkragögn þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða hið umbeðna svo skjótt sem audið er.

## VI. KAFLI

**Undirstofnanir lyfjabúða.**

## 27. gr.

Innan umdæmis lyfjabúðar getur starfað lyfjaútibú, sbr. 2. gr., og stofna má lyfjaförða frá lyfjabúð samkvæmt meðmælum eða ósk hlutadeigandi heilbrigðismálaráðs, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórnar, enda gerist þess þörf að dómi ráðherra.

## 28. gr.

Lyfjaútibú er útibú frá lyfjabúð og er starfrækt til þess að halda uppi viðunandi lyfjaþjónustu þar sem ekki telst grundvöllur til að stofna lyfjabúð.

Lyfjaútibú skal bera heiti sem auðkennir það nafni viðkomandi lyfjabúðar.

## 29. gr.

Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf eða aðrar vörur, aðrar en skyndilyf (ordination magistralis), sbr. 7. gr. laga nr. 49/1978, 3. tölul., og er slík framleiðsla háð leyfi ráðuneytisins að fengnum meðmælum Lyfjaeftirlits ríkisins. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði, auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.

Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.

## 30. gr.

Lyfseðilsskyld lyf skulu afgreidd úr lyfjaútibúi af lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sem starfar á vegum viðkomandi lyfjabúðar. Alla aðra afgreiðslu annast lyfjatæknir

(hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir), sem gætir útibúsins, þegar lyfjafræðingur eða aðstoðar-lyfjafræðingur er ekki viðstaddur.

## 31. gr.

Þar sem strjálbýlt og langt eða erfitt er að komast til næstu lyfjabúðar eða lyfjaútibús má vera lyfjaforði frá lyfjabúð. Í lyfjaforða mega vera auk lausasölu lyfja, sáraumbúða, hjúkrunar- og sjúkragagna einstök lyfseðilsskyld lyf, sem nauðsynlegt er að geta gripið skjótt til, sbr. 24. gr.

Lyfjaforði skal vera í gæslu lyfjateknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða annars ábyrgs umboðsmanns, sem lyfsali ræður til þess, og skal lyfjamálastjóra tilkynnt um nafn og stöðu hans. Ráðuneytið getur mælt svo fyrir að lyfsala sé skylt að hafa lyfjaforða á ákveðnum stað eða í ákveðnu hverfi, sbr. 3. gr.

## 32. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum umsögnum Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, heilbrigðismálaráðs viðkomandi héraðs og Lyfjaeftirlits ríkisins, að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð, og skal lyfsala viðkomandi lyfjabúðar tilkynnt sú ákvörðun með hæfilegum fyrirvara. Skal hann þá fá lyfsölu leyfi fyrir hinni nýju lyfjabúð, ef hann óskar þess, enda segi hann um leið lausu leyfi sínu fyrir hinni eldri.

## 33. gr.

Á stöðum þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði en læknir hefur aðsetur getur ráðherra heimilað viðkomandi lækni að annast afhendingu lyfja, sáraumbúða og annarra hjúkrunargagna gegn greiðslu. Varanna má afla frá lyfjabúð (lyfjaútibúi) í umdæminu á heilðsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar, og skulu þær vera í stöðluðum órofum umbúðum. Hlutaðeigandi lyfjabúð annast eftirlit með slíkum lyfjabirgðum.

## 34. gr.

Nánari fyrirmæli um búnað, rekstur og fyrirkomulag lyfjaútibúa og lyfjaforða skulu sett í reglugerð.

## VII. KAFLI

**Innflutningur og heilðsala lyfja.**

## 35. gr.

Leyfi til innflutnings lyfja hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið starfsleyfi sem ráðherra gefur út.

## 36. gr.

Leyfi til að dreifa lyfjum og lyfjaefnum í heilðsölu hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Til að fá starfsleyfi verður lyfjaheilðsala, sbr. 1. málsgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur, sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978. Skal hann gegna fullu starfi við fyrirtækið.
2. Að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Lyfjaheilðsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkingar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkingum lyfja, nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheilðsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim, sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkráhusum og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

## 37. gr.

Nú er lyfjainnflytjandi eða lyfjaheildsala einkainnflytjandi skráðs sérlyfs og er forráðamönnum hennar þá skylt að hafa ávallt þær birgðir lyfsins á boðstólum, sem hæfilegar teljast að mati Lyfjaeftirlits ríkisins.

## 38. gr.

Umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda (innflytjendum, heildsölum) er skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra, annaðhvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði (fob./cif.) eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanns á kostnaðarverði. Með kostnaðarverði er hér átt við það verð, sem heimilt er að leggja til grundvallar fyrir álagningu í heildsölu, að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra, að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

Einungis Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni.

## 39. gr.

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) í apótekum og sjúkrahúsapótekum mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum er þó heimil ef enginn þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.

## 40. gr.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi lyfjainnflytjanda og lyfjaheildsala ef um alvarlega eða endurtekna vanrækslu við meðferð og/eða dreifingu lyfja er að ræða.

## 41. gr.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu, samkvæmt tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

## VIII. KAFLI

**Um Lyfjaverslun ríkisins.**

## 42. gr.

Íslenska ríkið rekur lyfjaheildsölu og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og aðrar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríki og sveitarfélögum.

## 43. gr.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa, lyfjabúða, dvalarheimila aldraðra og annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

## 44. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneyti, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

## 45. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur. Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, sem um getur í 3. gr., og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins, sem láta ráðherra í té umsögn um hæfni umsækjenda.



46. gr.

Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim reglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur.

## IX. KAFLI

**Um lyfjapjónustu á sjúkrahúsum.**

47. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa lyfjafræðingur, sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra innan sjúkrahússins. Heimilt er að starf þetta tengist starfi viðkomandi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í umdæminu.

Dvalarheimili aldraðra skulu afla sér faglegrar aðstoðar lyfjafræðings að því er varðar öflun, geymslu og notkun lyfja innan stofnunarinnar.

48. gr.

Á deildaskiptum sjúkrahúsum starfa sérstök sjúkrahúsapótek, sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn, en umsóknir um slíkar stöður lagðar fyrir stöðunefnd, sbr. 4. málsgrein 3. gr., og skal ráðning hans staðfest af ráðherra.

Yfirlyfjafræðingur sjúkrahúsapóteks ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn sjúkrahússins.

49. gr.

Ráðherra getur veitt heimild til þess að sjúkrahúsapótek annist dreifingu lyfja til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, ef skráning er sérstaklega bundin við notkun á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Slík afgreiðsluheimild nær einnig til almennra lyfja, sem nauðsynleg eru sjúklingum, er sendir eru af sjúkrahúsi í stutt leyfi um helgar eða hátíðar.

Ráðherra getur og veitt heimild til þess að stærri sérhæfð sjúkrahús fái sams konar heimild og kveðið er á um í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar enda þótt þau séu ekki deildaskipt.

Um afgreiðslu lyfja frá sjúkrahúsi til sjúklinga utan sjúkrahúss samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum, sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

50. gr.

Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu, með öðrum hætti en um getur í 49. gr.

51. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa 3ja til 5 manna lyfjanefnd, sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a. m. k. 1 starfandi lækna sjúkrahússins og 1 lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi, að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf, sem ódýrari eru, og innlenda framleiðslu fremur en erlenda.

52. gr.

Stofna skal sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsapóteka. Í samstarfsnefnd þessari skulu eiga sæti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og einn af deildarlyfjafræðingum hennar, yfirlyfjafræðingar sjúkrahúsapóteka og auk þess skipar ráðherra einn mann í samstarfsnefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Verkefni samstarfsnefndarinnar er að leita samræmingar og hagkvæmni í innkaupum og framleiðslu lyfja, lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

## 53. gr.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt, að höfðu samráði við yfirlyfjafraeðing sjúkrahúsapóteks, að haga dreifingu lyfja til sjúkrahúss þannig, að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda þess öll algeng lyf, en beint til sjúkrahúsapóteksins þau lyf önnur sem nauðsynlegt er að hafa á sjúkrahúsinu af öryggisástæðum.

Lyfjanefnd sjúkrahússins gerir skrá yfir þau lyf sem þannig má afgreiða beint á deildir sjúkrahússins.

## 54. gr.

Heilsugæslustöðvar mega afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Lyfjabúðir selja heilsugæslustöðvum lyf á heildsöluverði að viðbættu ákveðnu þjónustugjaldi, sem lyfjaverðlagsnefnd gerir tillögur um og ráðherra staðfestir.

## 55. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahúsapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi, samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi, sem sett verða í reglugerð.

## 56. gr.

Sett skulu í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra, heilsugæslustöðvum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum, þar sem lyf eru notuð til lækninga.

## X. KAFLI

**Um dreifingu dýralyfja.**

## 57. gr.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu, enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga, nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.

## 58. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Héraðsdýralæknum er einnig heimilt að annast sölu dýralyfja og skulu þeir fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

Þar sem héraðsdýralæknir situr en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja, sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

## XI. KAFLI

**Eftirlit, málarekstur og refsing.**

## 59. gr.

Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

## 60. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

## XII. KAFLI

**Niðurlagsákvæði.**

## 61. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

## 62. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölög nr. 30 29. apríl 1963, II., III., V., VI., VII., VIII. kafli.
2. II. kafli laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63 28. maí 1969.
3. Önnur ákvæði sömu laga og annarra laga, sem fara í bága við lög þessi.

**Bráðabirgðaákvæði.**

1. Þeir lyfsalar, sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963 og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.
3. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) er heimil að fyrirtækjum sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim.
4. Lyfjaverslun ríkisins er heimilt, uns ráðherra ákveður, að starfa í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafa sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

*Gjört í Reykjavík, 21. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

**um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna.**

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 2.830.000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingalána og -ábyrgða til verkefna.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr. laga þessara.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Fylgiskjal I.****Samþykktir fyrir Norræna verkefnaúflutningssjóðinn.**

## 1. gr.

**Markmið sjóðsins.**

Markmið sjóðsins er að efla samkeppnisaðstöðu norrænna fyrirtækja á alþjóðavettvangi með því að styrkja verkefni, þar sem Norðurlönd eiga hagsmuna að gæta.

## 2. gr.

**Starfssvið sjóðsins.**

Sjóðurinn skal styrkja norræn fyrirtæki og samtök við gerð skilyrða- og arðsemisathugana í tengslum við alþjóðleg verkefni (s. n. prefeasibility og feasibility athuganir). Sjóðurinn getur einnig stutt framkvæmd eftirfarandi mála:

1. Norrænt og alþjóðlegt námskeiðshald á þeim sviðum og í þeim greinum, þar sem norræn fyrirtæki eru samkeppnisfær á alþjóðavettvangi;
2. Grundvallarmarkaðskannanir og rannsóknir á eftirspurn á þeim svæðum, er ætla má, að norrænir viðskiptahagsmunir séu til staðar;
3. Úttekt á hæfnissviðum meðal Norðurlandþjóða, t. d. með athugunum á iðngreinum og ráðgjafþjónustu á Norðurlöndum.

## 3. gr.

**Heimildir sjóðsins til styrkveitingar.**

Sjóðurinn ákveður að fengnum umsóknum — innan þeirra fjárhagsmarka, sem honum eru sett — styrkveitingar við verkefni og áætlanir, í samræmi við 1. og 2. gr. þessara samþykta, svo og í samræmi við fyrirmæli ráðherranefndar um starfrækslu sjóðsins.

Eigi er veittur styrkur til verkefna á Norðurlöndum. Styrkjum skal þannig skipt, að yfir lengri tíma skapist sanngjarnt jafnvægi milli landanna.

Styrkur samkvæmt 2. gr. þessara samþykta má eigi nema hærri fjárhæð en 50% af kostnaði.

Styrkur við gerð skilyrða- og arðsemisathugana skv. 1. mgr. 2. gr. í samþykktum þessum er bundinn því, að viðkomandi athuganir standi í beinu sambandi við framkvæmd ákveðins verkefnis og markmiðið sé að gera síðar tilboð, er tengist verkefninu. Leiði tilboð, sem reist er á athugunum, sem sjóðurinn hefur styrkt, til þess að verkefnið gangi fram, ber að endurgreiða fjárhagsaðstöðina. Við sérstakar aðstæður getur sjóðurinn veitt undanþágu frá endurgreiðslukvöðinni að fullu eða hluta. Endurgreitt fé rennur í sjóðinn.

## 4. gr.

**Stjórn sjóðsins.**

Í stjórn sjóðsins eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju landanna, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Viðkomandi ríkisstjórn tilnefnir stjórnarmenn til þriggja ára. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar minnst sex stjórnarmenn, sem jafnframt eru fulltrúar minnst fjögurra landa, eru viðstaddir. Leggist mættir fulltrúar tveggja landa gegn ákvörðun, öðlast hún ekki gildi. Á stjórnarfundum má Norræni fjárfestingarbankinn hafa áheyrnarfulltrúa.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Stjórnin ræður starfslið sjóðsins og setur því starfsreglur.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast til skrifstofu hans.

Um fjárhagsáætlun, bókhald, endurskoðun o. fl. gildir eftirfarandi:

1. Reglugerð um fjárhagsáætlun fyrir ráðherraefnd Norðurlanda;
2. Sérstakar reglur um fjármálastjórn Norræna verkefnaútlutningssjóðsins, sem ráðherraefnd Norðurlanda setur.

5. gr.

#### **Önnur atriði.**

Sjóðurinn hefur aðsetur sitt í Helsingfors.

Ráðherraefnd Norðurlanda ákveður breytingar, viðauka eða afnám samþykktar þessara.

Samþykktir þessar taka gildi hinn 1. júlí 1982.

### **Fylgiskjal II.**

#### **Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.**

Ráðherraefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi viðauka við samþykktir Norræna fjárfestingarbankans:

a) Við 6. gr. bætist ný grein, sem verður 2. málsgrein:

Að auki getur bankinn veitt fjárfestingalán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingalánnum til verkefna skv. 6. gr. a, sem nema allt að jafnvirði 350 milljóna SDR.

b) Á eftir 6. gr. kemur ný grein, 6. gr. A:

Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda, sem fjárfestingalán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingalánnum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánnum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 74,655 milljónum SDR, Finnland 50,400 milljónum SDR, Ísland 2,830 milljónum SDR, Noregur 56,700 milljónum SDR og Svíþjóð 130,415 milljónum SDR. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingaláns til verkefnis. Greiðsla fer fram, þegar stjórnin svo óskar, í samræmi við samning, sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands. Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra fjárfestingalána til verkefna og ábyrgða á fjárfestingalánnum til verkefna. Skal fyrst greitt úr sjóðnum, þegar tjón verður vegna fjárfestingalána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingalánnum til verkefna.

Breytingar á samþykktunum taka gildi hinn 1. júlí 1982, enda hafi löndin fyrir þann tíma veitt bankanum nauðsynlegar ábyrgðir.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Ragnar Arnalds.*

27. júlí 1982.

129

Nr. 78.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meginbreytingarnar, sem þörf er á að gera, eru tvenns konar. Annars vegar að létta af sveitarfélögum kaupskyldu á íbúðum í verkamannabústöðum byggðum fyrir 1. júlí 1980 en láta þau njóta forkaupsréttar í staðinn. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur mikla áherslu á þetta atriði, þar sem kaupskyldan hefur reynst ýmsum sveitarfélögum þung í skauti. Hins vegar að sníða af annmarka á reglum laganna um innkaup og endursölu þessara íbúða, sem komið hafa í ljós í framkvæmd og hindrað eðlilega sölu. Er þá einkum haft í huga að koma í veg fyrir stökkbreytingar á verðlagningu íbúðanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

#### 1. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

#### 2. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Stjórn verkamannabústaða skal, fyrir hönd sveitarstjórnar, annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr., svo og 53. gr. eftir því sem við á.

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggð var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal íbúðin verðlögð samkvæmt 66. gr.

## 3. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur þegar forkaupsréttar er neytt. Ennfremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 0.5%—1% á ári, af framreiknuðu kaupverði. Að auki skal seljandi njóta verðhækkunar á hluta af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að til verðbóta reiknist 4% af eftirstöðvunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, en þannig koma verðbætur á allt lánið eftir 25 ára eignarhald. Vanrækslu á viðhaldi íbúðarinnar má meta til lækkunar á verði hennar. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu eftirstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda miðað við uppfærðan höfuðstól.

## 4. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu til endursöludags.

Ennfremur skal bæta við matsverði endurbóta og viðhaldskostnaði, ef til er að dreifa, en draga frá fyrningu, sem reiknast 0.5%—1% á ári af uppfærðu verði. Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðanna til nýrra kaupenda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af lánsfjárhæðinni til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði að frádrögnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júlí 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

**(L. S.)**

*Svavar Gestsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1982

21. ágúst 1982.

131

Nr. 79.

## BRÁÐABIRGÐALÖG um efnahagsaðgerðir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum, vegna þeirra þungu áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á undanförunum mánuðum. Aflabrestur, verðfall og sölutregða á íslenskum afurðum hafa valdið vaxandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum, þrengt að atvinnuvegunum, aukið verðbólgu og dregið úr þjóðartekjum.

Af þessum ástæðum ber brýna nauðsyn til þess að draga úr vixlgangi verðlags og launa, minnka viðskiptahalla og styrkja stöðu atvinnuveganna. Sú 13% lækkun á gengi íslenskrar krónu, sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið með samþykki ríkisstjórnarinnar, kallar einnig á setningu bráðabirgðalaga um gengismun af útflutningsbirgðum og ráðstöfun hans.

Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

#### 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að sérstakar bætur, allt að 50 millj. króna, verði greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Tilhögun þessara bóta verður ákveðin í samráði við samtök launafólks.

#### 3. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 23. ágúst 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6,5% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.



## 4. gr.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skal varið í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

1. Krónur 80 milljónum skal varið til greiðslu óafturkræfs framlags til togara til að bæta rekstrarafkomu þeirra vegna aflabrests á fyrri hluta þessa árs. Skal Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins annast greiðslur þessar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
2. Krónur 15 milljónir til loðnuvinnslustöðva samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
3. Krónur 10 milljónir í Fiskimálasjóð, sem verði ráðstafað til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
4. Krónur 5 milljónir í lífeyrissjóði sjómanna, samkvæmt nánari reglum sem ríkisstjórnin setur, að höfðu samráði við sjómannasamtökin.
5. Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, renni í Stofnfjár sjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landsamband íslenskra útvegsmanna.

## 5. gr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að eftirstöðvar þess fjár, sem er í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sbr. a) og b) lið 17. gr. laga nr. 79/1968, b) lið B málsliðar 3. gr. laga nr. 2/1978 og 2. tl. b) liðar 3. gr. laga nr. 22/1979, renni í Stofnfjár sjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landsamband íslenskra útvegsmanna.

## 6. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkingar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkingun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gildi 11. ágúst 1982 miðað við þær álagningarreglur, sem í gildi voru samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu, eða öðrum viðskiptum frá því sem var 12. ágúst 1982 með breytingum skv. 1. mgr., nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda.

## 7. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, breytist með svofelldum hætti:

- a) 1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1983 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

- b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

- c) Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við A-lið 1. gr. laganna:

07.05.00	18.06.03	21.05.11
16.03.00	19.02.01	21.05.19
17.01.23	19.02.02	21.05.21
17.01.24	20.02.01	21.06.01
17.01.27	21.02.11	21.06.02
17.01.29	21.02.19	21.07.01
17.02.04	21.02.20	21.07.02
17.04.02	21.03.00	33.04.01
18.05.01	21.04.01	33.04.02
18.05.09	21.04.02	33.04.03
18.06.01	21.04.09	33.04.09
18.06.02		

## d) Upphaf B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

## 8. gr.

Hið hækkaða vörugjald sem skv. 7. gr. þessara laga skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessara laga en undanþiggja birgðir innlendra framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessara laga verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggja fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku laga þessara. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismuninum sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 7. gr. þessara laga. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldskyldum framleiðanda að greiða á sama gjaldddaga sérstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald skv. 7. gr. þessara laga, skal hann skila tveimur skýrslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breytingar á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu, skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar

greinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkis-  
sjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst  
1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal  
greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir frá og með  
23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir septemberlok 1982.  
Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að  
öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að  
tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka  
vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir til og með 22. ágúst en þó því  
aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollaf-  
greiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

#### 9. gr.

Við beitingu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 3.  
gr. laga nr. 80/1980, skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka  
sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í  
24% eins og þar greinir.

#### 10. gr.

1. mgr. 11. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum  
breytingum orðist svo:

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða  
hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem  
skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar.  
Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi  
sem skráð er í bönkum hér á landi skuli við ákvörðun tollverðs gilda sem tollafgreiðslugengi  
fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt  
að ákveða, að breytist skráð sölugengi gjaldmiðils eða tollafgreiðslugengi eftir að vara hefur  
verið tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr., skuli miða við hið nýja gengi við endanlega  
tollafgreiðslu vöru.

#### 11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í VIII. kafla laga um efnahagsmál nr. 13/1979 bætist nýr  
liður tölumerktur IV. svohljóðandi:

Draga skal sérstaklega 2,9 prósentustig frá þeirri verðbótahækkun launa, er skal eiga  
sér stað frá 1. september 1982 vegna ákvæða í 48.—52. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

#### 12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga  
þessara.

#### 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir,**  
(L.S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1982

---

24. ágúst 1982.

135

Nr. 80.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli kaupskipaeigenda og stéttarfélags yfirmanna á kaupskipum, hafi fyrirsvarsmenn þessara samtaka orðið sammála um, sem eitt samningsákvæðanna, að gerð verði breyting á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 69 30. apríl 1973, varðandi mönnun þessara skipa, m. a. með tilliti til tilsvarendi ákvæðis laga nr. 72 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum.

Nauðsyn beri til að gera þessa lagabreytingu án tafar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum mönnunarnefndar, skipaðri þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. ágúst 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur Hermannsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1982

Nr. 81.

136

21. september 1982.

## BRÁÐABIRGÐALÖG um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar.

forsetisráðherra, forseti sameinads Alþingis og forseti Hæstaréttar.

*gjöra kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð oss, að vegna hækkandi olíuverðs til fiskiskipa og rekstrarvanda þeirra, sé óhjákvæmilegt að setja á stofn Olíusjóð, er greiði niður að hluta olíuverð til fiskiskipa. Olíusjóður þessi yrði að hluta fjármagnaður með greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa en jafnframt er sjóðnum heimilað að taka lán. Jafnhliða þessum ráðstöfunum, er nauðsynlegt að hækka gildandi lágmarksverð á sjávarafla um 4%, frá 15. september 1982.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskránnar á þessa leið:

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. 3. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980, skal varið til Olíusjóðs fiskiskipa allt að 30 milljónum króna af greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa, samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976.

Einnig er Olíusjóði fiskiskipa heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 30 milljónum króna. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarabyrgð fyrir láni þessu.

3. gr.

Almennt fiskverð, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins, nr. 17 1. september 1982, skal hækka um fjóra af hundraði, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79 21. ágúst 1982, um efnahagsaðgerðir.

Hið nýja verð skal gilda frá 15. september til 30. nóvember 1982.

4. gr.

Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessarra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. september 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**  
(L. S.)

**Logi Einarsson.**

*Steingrímur Hermannsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 24 — 1982

---

---

19. júlí 1982.

137

Nr. 82.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 14. júlí 1982 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

1. mgr. 67. gr. orðist svo:

1. gr.

Kennslugreinar í guðfræðideild eru þessar: Gamlatestamentisfræði, nýjatestamentisfræði, trúfræði, félagsleg siðfræði, kirkjusaga, almenn trúarbragðafræði og kennimannleg guðfræði.

68. gr. orðist svo:

2. gr.

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum og skiptist í kjarna, frjálst nám og kjörsvið samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

Heimilt er með leyfi deildarinnar að stunda frjálst nám í öðrum deildum háskólans.

Þegar stúdent er kominn áleiðis í námi, skal hann í samráði við kennara velja sér kjörsvið á sviði einnar kennslugreinar. Heimilt er stúdent í samráði við kjörsviðskennara sinn að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum háskólans eða í Kennaraháskóla Íslands auk náms í guðfræðideild.

Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum, þótt þau falli ekki undir kennslugreinar þær sem 67. gr. tilgreinir. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku í tilteknum námskeiðum.

69. gr. orðist svo:

3. gr.

Heimilt er deildinni að ákveða, að ritgerðir og frammistaða í æfingum séu metnar sem hluti af prófi og áskilin sé lágmarkseinkunn í hverjum hluta. Þá getur deildin ákveðið, að ritgerðir eða önnur námsvinna geti komið í stað prófa í ákveðnum námskeiðum. Lokafrestur til að skila slíkum ritgerðum er síðasta kennsluvika misseris.

Próf eru skrifleg, en þó skal prófa verklega í prédikun og barnaspurningum. Í lokaprófi á kjörsviði skal prófa munnlega og að auki skal stúdent skrifa ritgerð úr efni kjörsviðs.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. júlí 1982.*

**Ingvar Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

A 18

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.  
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 2. ágúst 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 8. ágúst 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.  
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 4. september 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

---

*Gísli Árnason.*

# BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1982.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
gjöra kunnugt:

Við höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1982.

Um leið og við birtum þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 17. september 1982.*

**Gunnar Thoroddsen. Karl Steinar Guðnason. Logi Einarsson.**  
(L. S).

22. september 1982.

Nr. 87.

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 22. september 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 25 — 1982

Nr. 88.

140

8. nóvember 1982.

## LÖG

### um Viðlagatryggingu Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: að ég samkvæmt 23. gr. laga nr. 55 14. maí 1982, um breyting á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands, hefi látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 52/1975 og gef þau út svo breytt:

#### 1. gr.

Setja skal á fót stofnun, er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Stofnun þessi nefnist Viðlagatrygging Íslands. Hún skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.

#### 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingarfélögum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.

#### 3. gr.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal gera sérstakt samkomulag við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal leitast við að tryggja verðgildi fjárens svo sem unnt er á hverjum tíma. Óheimilt er að ráðstafa fé stofnunarinnar til almennra útlána. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir, samkvæmt reglum um endurskoðun reikninga Seðlabankans. Reikningarnir skulul birtir árlega í Lögbirtingablaði.

#### 4. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal váttryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjófloða og vatnsflóða.

#### 5. gr.

Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

- a. Allar húseignir og lausafé, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá váttryggingafélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Þó skulu þær tryggingar, er flokkast undir

svonefndar **“all risks“** tryggingar eða einstakar sértryggingar ekki falla undir viðlaga-trygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins.

b. Neðangreind mannvirki:

Hitaveitur.

Vatnsveitur.

Skolpveitur.

Hafnarmannvirki.

Brýr.

Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki.

Síma og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau, sem falla undir skyldutryggingar skv. a. og b. lið hér að framan.

6. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

- Öll verðmæti, sem brunatryggð eru, skulu tryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
- Ræktað land og lóðir skulu tryggð fyrir þá fjárhæð, sem þau eru skráð á hjá Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.
- Mannvirki, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar skulu tryggð fyrir áætlað endurbyggingarverð.
- Verði heimildarákvæði 5. gr. notað skulu verðmæti, sem tryggð verða, tryggjast á raunvirði.

7. gr.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

- Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt a. lið 5. greinar, lágmarksfjárhæð kr. 5 000,00.
- Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar, lágmarksfjárhæð kr. 50 000,00.
- Verðmæti sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar, lágmarksfjárhæð ákveðin hverju sinni af stjórn stofnunarinnar, innan þeirra marka, sem gilda fyrir a. og b. lið hér að framan.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

8. gr.

Árleg iðgjöld skulu vera þessi:

- Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt a. lið 5. greinar, 0.25%.
- Af verðmætum sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar, 0.20%.
- Af verðmætum, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar reiknast iðgjald, sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn

stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld sbr. 1 mgr. með 100% álagi þar til 2‰ markinu er náð.

Vátryggingarfélag þau, er brunatryggja eignir þær sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr. skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

Peir aðilar, sem leggja á og innheimta þinggjöld skulu reikna út og innheimta iðgjöld af löndum og lóðum. Iðgjöld af öðrum verðmætum, sem tryggð eru skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar. Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

Um innheimtu iðgjalda með uppboði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

Ákveða skal nánar í reglugerð um bókhald og skil á iðgjöldum frá ofangreindum innheimtuaðilum.

#### 9. gr.

Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það stjórn Viðlagatryggingarinnar eða vátryggingarfélagi því, er selt hefur honum vátrygginguna, svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 30 daga frá því að atburðurinn gerðist. Geri hann það ekki, er niður fallinn allur réttur hans til bóta.

Vátryggingarfélag, er fær slíka tilkynningu, skal innan viku frá því, að tilkynning barst því, tilkynna stjórn Viðlagatryggingar Íslands um tjónsatburðinn. Þegar vátryggingarfélag eða stjórn Viðlagatryggingar Íslands fær tilkynningu eða vitneskju um tjón, sem ætla má að geti fallið undir tryggingu þessa, skal svo fljótt sem unnt er, gera ráðstafanir til að fá úr því skorið, hvort um sé að ræða bótaskyلت tjón af völdum náttúruhamfara og láta meta skaðann.

#### 10. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða að tjón sé bótaskyلت, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða málið. Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaraneftndar. Hamfaraneftnd skal skipuð af ráðherra til 4 ára og eiga sæti í henni þrjú menn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

#### 11. gr.

Hafi bótaskyldur tjónsatburður gerst, skal stjórnin ákveða, hverjar séu nauðsynlegar ráðstafanir til björgunar tryggðum verðmætum og til að hindra frekara tjón á þeim. Stofnunin skal bera kostnað af slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar skulu, svo sem kostur er, framkvæmdar í samvinnu við Almannavarnir og aðra aðila, sem með slík mál hafa að gera.

#### 12. gr.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal setja reglur um meðferð tjóna og mót. Við uppgjör tjóna skal stjórn stofnunarinnar leita til hæfra og óvilhallra matsmanna. Heimilt er stjórn stofnunarinnar að fela viðkomandi tryggingarfélagi uppgjör minniháttar tjóna. Nánari ákvæði um skipun matsmanna, matsreglur og uppgjör tjóna skal setja með reglugerð.

## 13. gr.

Heimilt er að lækka eða synja alveg um bætur:

- a. Þegar hús, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt var vitað fyrirfram, að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða. Það telst ætíð almennt vitað í þessu sambandi, ef hús á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni.
- b. Þegar styrkleiki húss, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað við þær aðstæður, sem algengar eru á byggingarstað, og ljóst er, að tjón hefur orðið meira af þessum sökum.  
Sömu reglur gilda um önnur tryggð verðmæti eftir því sem við á.

## 14. gr.

Nú vill tjónþoli eigi sætta sig við tjónsuppgjör og er honum þá heimilt að skjóta málinu til uppgjörsefnadar, en gera skal hann það innan fjögurra vikna frá því, að honum barst endanleg ákvörðun stofnunarinnar.

Uppgjörsefnd skal skipuð af tryggingamálaráðherra til 4 ára. Í nefndinni skulu eiga sæti þrjú menn. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður, annar eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og hinn þriðji án tilnefningar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

## 15. gr.

Vátryggingarbætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er.

Allar kröfur á hendur stofnuninni farnast á tveimur árum frá því að náttúruhamförum þeim lauk, sem orsökuðu tjónið.

## 16. gr.

Nú eru tryggðar eignir veðsettar og nær þá veðrétturinn til tryggingarbóta.

## 17. gr.

Bótaskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við 5% af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð skal hlutur allra tjónþola skerðast í sama hlutfalli.

## 18. gr.

Ríkissjóður endurtryggir án iðgjalds þann hluta einstaks tjóns, sem er umfram 2% af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs.

Heimilt er stofnuninni að endurbyggja frekar eigin áhættu sína innanlands eða erlendis.

Nú verða bótaskyld tjón það mikil á einu ári, að eignir og endurtryggingar nægja ekki til að greiða þau, sbr. 1. mgr. 17. gr. og er stjórninni þá heimilt að taka lán til að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður skal taka sjálfsskuldarábyrgð á slíkum lánnum.

## 19. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Ennfremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi, sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

## 20. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal vera undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs og útsvari og aðstöðugjaldi til sveitarsjóða. Skjöl stofnunarinnar skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

## 21. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 27. mars 1973 og lög nr. 5 28. febrúar 1975, svo og öll lög um breytingu á þeim lögum.

Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir, skal ríkissjóður greiða þann mun.

## 22. gr.

Stjórnin skal semja við þau váttryggingarfélag og aðra aðila, sem annast störf fyrir stofnunina skv. lögum þessum. Náist ekki samkomulag um þóknun fyrir slík störf, sker tryggingamálaráðherra úr ágreiningi.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnarinnar setja með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

## 23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

*Gjört í Reykjavík, 8. nóvember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Svavar Gestsson.

**AUGLÝSING**

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 30. október 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

Guðmundur Benediktsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 26 — 1982

---

31. desember 1982.

145

Nr. 90.

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 87 1971 um orlof.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu 5 laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaganna að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um, og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um  $\frac{1}{4}$ , ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekandans.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum.

4. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við töku orlofs fyrir orlofsárið 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 en 3. gr. tekur gildi 1. desember 1982.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*

A 19

# LÖG

## um málefni aldraðra.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Skipulag öldrunarþjónustu.

##### 1. gr.

Markmið þessara laga er, að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi, sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand þess aldraða.

Lögin miða að því, að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanarþjónustu, þegar hennar er þörf.

##### 2. gr.

Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.

##### 3. gr.

Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 3 menn tilnefndir þannig: einn frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og einn skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

##### 4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.
3. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka, sem starfa að málefnum aldraðra.
4. Að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
5. Að annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.
6. Að skera úr um ágreiningsmál, sem upp kunna að koma um málefni aldraðra skv. lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
7. Að gera tillögur til ráðherra um samræmdar reglur um mat skv. 18. gr. 1. mgr.

##### 5. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála:

1. Að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.

2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhóp aldraðra, þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um fjölda starfslíðs í heimaþjónustu umdæmisins, sbr. 15. gr.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Er stjórn heilsugæslustöðvar fjallar um öldrunarmál skal gefa öldrunarstofnunum á svæðinu kost á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi.

#### 6. gr.

Við hverja heilsugæslustöð skal starfa þjónustuhópur aldraðra.

Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra. Á sama hátt geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir tveggja heilsugæslustöðva eða fleiri ákveðið að sameinast um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það á betur við getur þjónustuhópur aldraðra starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

#### 7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins.

Í hópnum skulu ekki starfa fleiri en fimm og aldrei færri en þrír.

Í hópnum skal starfa lækni. Ef kostur er skal hann vera sérfræðingur í öldrunarlækningum, heimilislækningum eða lyflækningum. Þar starfar og hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu auk starfsmanns félagsmálaþjónustu með menntun félagsráðgjafa, eða þekkingu á félagslegu sviði.

#### 8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, sbr. 18. gr. 1. mgr.
3. Að sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi.

## II. KAFLI

### **Framkvæmdasjóður aldraðra.**

#### 9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

#### 10. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
2. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 300 á hvern mann á árinu



1983. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattstofn undir kr. 60 000. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar upphæðir skulu hækka árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1983.

3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

#### 11. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra skv. 3. gr., sbr. og 5. tl. 4. gr., sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

#### 12. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2.—4. tl.
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1. og 2. tl.
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl., enda verði veitt jafnhátt framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1.—4. tl.
5. Að veita framlög til að standa straum af þeim breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra, er nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
6. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn telur brýn og ráðherra samþykkir.

#### 13. gr.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára um framkvæmdir.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

#### 14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn með reglugerð.

### III. KAFLI

#### Heimaþjónusta.

#### 15. gr.

Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Heimaþjónusta er tvíþætt: Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. læknavitjanir, heima-hjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.

Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að fleiri þjónustuþættir heyri til heimaþjónustu. Hann getur einnig ákveðið að heimaþjónusta taki til fleiri en aldraðra.

## 16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráði, þar sem þau starfa, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra. Skal heimaþjónusta einnig veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð samþykkja.

## IV. KAFLI

**Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða.**

## 17. gr.

Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

1. Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Þær geta verið tvenns konar:
  - A) Þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en engin önnur þjónusta.
  - B) Verndaðar þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými. Íbúðirnar skulu búnar kallkerfi, með vörslu allan sólarhringinn og veitt skal sameiginleg þjónusta, s. s. máltíðir og ræsting.
2. Dvalarheimili, ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar skulu vera einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölþýliseiningar. Dvalarheimili aldraðra skulu veita þjónustu s. s. fullt fæði, þvotta, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfingu og félagsstarf. Þau skulu búnar sameiginlegum vistarverum til vinnu og tómsundastarfs.
3. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir, ætlaðar öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dvelja á stofnunum skv. 1. og 2. tl. Hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir skulu hönnuð sem einstaklings- og fjölþýlisherbergi, með snyrtingu og skulu sjúklingar geta haft eigin muni. Einstaklingsherbergi skulu aldrei færri en 50% vistrýmis. Á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum skal vera fullkomin aðstaða til hjúkrunar- og lækniþjónustu. Þar sem því verður við komið skal á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál.
4. Sjúkradeildir, hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum, sem þurfa mikið eftirlit. Stefnt skal að því að þessar deildir séu í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.
5. Dagvist fyrir aldraða. Dagvist getur verið sjálfstæð eða hluti stofnunar skv. 1. tl. B) stl.—4. tl. Á dagvist skal að jafnaði veitt þjónusta í samræmi við þá þjónustu sem veitt er á stofnuninni, sem hún tengist. Vistmenn á dagvist geta sótt hana daglega eða tíma-bundið. Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. 1.—5. tl. skulu vera aðgengilegar fötluðu fólki.

## 18. gr.

Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr., 2.—4. tl., ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnu álitu forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.

Sama gildir um vistun á stofnunum skv. 17. gr. 1. tl. B) stl. og 5. tl.

Vistmenn á dvalarstofnun eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild sömu stofnunar.

Stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur ráða flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

## 19. gr.

Að fengnum tillögum samstarfsnefndar skv. 3. gr. setur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. búnað húsnæðis fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

## 20. gr.

Enginn má setja á stofn dvalarstofnunar fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn samstarfsnefndar skv. 3. gr. Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

## 21. gr.

Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 20. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og aðstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur skal fylgja greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna. Þá skal og fylgja beiðninni umsögn þjónustuhóps aldraðra í viðkomandi umdæmi.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

## 22. gr.

Stjórn dvalarstofnunar fyrir aldraða skipa fimm menn. Sé stofnun skv. 17. gr. í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, um stjórn stofnunar. Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði og/eða heilbrigðismálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.

## 23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan 3 ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað, er felast í 17. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

## V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

## 24. gr.

Vistmenn í þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. 1. tl. A) greiða húsaleigu skv. ákvörðun rekstraráðila.

Vistmenn í vernduðum þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. 1. tl. B) greiða húsaleigu og þjónustugjald skv. ákvörðun rekstraráðila.

## 25. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. lög nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar, 46. gr., ákveður daggjöld dvalarstofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2.—4. tl. Skulu daggjöld ákveðin í samræmi við starfsemi dvalarstofnunarinnar.

## 26. gr.

Kostnaður við vistun á dvalarstofnun fyrir aldraða skv. 17. gr. 2.—4. tl. greiðist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði.

Skv. umboði vistmanna á dvalarstofnunum fyrir aldraða skv. 17. gr. 2.—4. tl. innheimtir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þó hjá lífeyristryggingadeild sömu stofn-

unar, lífeyrissjóði vistmanna eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, sbr. þó 3. mgr., eins og það er ákveðið á hverjum tíma af daggjaldanefnd. Um dvöl á spítaladeildum, sem ætlaðar eru til skammtímavistunar, gilda ákvæði laga um almannatryggingar.

Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 2. tl. skal þó halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 950 á mánuði. Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 3. og 4. tl. skal halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 330 á mánuði.

Við ákvörðun tekna vistmanna gilda ákvæði 19. gr. laga nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Fjárhæðir í 3. mgr. skulu breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga.

#### 27. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum, þó þannig að sveitarfélögin greiða 65% kostnaðar en ríki 35% kostnaðar. Til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög greiða, teljast þó ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta, sem ríkið greiðir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir þátttöku einstaklinga í hinum ýmsu þáttum heimaþjónustunnar að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekju-tryggingu almannatrygginga.

Ráðherra setur gjaldskrá um vistun skv. 17. gr. 5. tl. að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr.

#### 28. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1983 til 31. des. 1987.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 frá 1973, og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra, nr. 49 frá 1981, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 93 frá 1981.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. til að vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.
2. Ákvæði 26. gr. koma til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 97 24. des. 1979 um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981 um breyting á þeim lögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1980—1982“ í 1. og 2. málsg. 21. gr. laganna komi: 1980—1984.

2. gr.

Í stað „1980—1982“ í 22. gr. laganna komi: 1980—1984.

3. gr.

Í stað „1980—1982“ í 24. gr. laganna komi: 1980—1984.

Við 24. gr. bætist nýr málslíður, er verði næstsíðasti málslíður og orðist svo:

Við endanlegt uppgjör vegna árána 1983 og 1984 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsg. 25. gr.

4. gr.

2. tölulíður 1. málsg. 25. gr. laganna verði 1. tölulíður og 3. tölulíður verði 2. tölulíður.

2. málsg. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulíð 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldþagi hins áætlaða framlags árána 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjaldþagar áætlaðs framlags árána 1983 og 1984 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsg. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

3. málsg. 25. gr. falli niður.

5. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði uns ríkissjóður hefur yfirtekið að fullu þessa skyldu af Atvinnuleysistryggingasjóði.

6. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1983.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**LÖG****um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Nú er örorkan metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum 35. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, og gildir það bæði vegna barna, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra, sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75%, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1971 um 40 stunda vinnuviku,  
sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 6. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 73 26. nóv. 1980  
um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn greiðist með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

2. gr.

Á eftir orðinu „skólar“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi: heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar.

3. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðla-banka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.*

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku,  
ásamt síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að draga úr verðmun á gjaldskrárn hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða í samanburði við aðrar rafveitur í landinu. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

31. desember 1982.

155

Nr. 96.

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1983 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Í stað „1982“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 30. desember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Hjörleifur Guttormsson.*

31. desember 1982.

## LÖG

Nr. 97.

**um breyting á lögum nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lok 45. gr. laganna komi til viðbótar:

Nafnúmer skal fylgja nafni kjósanda utan á umslagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðjón Þórðarson.*

31. desember 1982.

## LÖG

Nr. 98.

**um breyting á lögum nr. 83 28. des. 1981 um breyting á lögum  
nr. 120 31. des. 1976 um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1982“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1983.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ragnar Arnalds.*



**LÖG****um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974  
um meðferð opinberra mála.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 32 23. maí 1980, breytist sem hér segir:

- a. Í stað „500 000 krónum“ í 2. tölul. 1. málsg. komi: 20 000 krónum.
- b. Í stað „300 000 króna“ í 2. málsg. komi: 12 000 króna.
- c. Í stað „100 000 krónum“ í 2. málsg. komi: 4 000 krónum.
- d. Í stað „30 000 króna“ í 3. málsg. komi: 1 200 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

Nr. 100.

**LÖG**

31. desember 1982.

**um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980 og lög nr. 84/1980 um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1976—1982“ í 1. málsg. 24. gr. laganna komi: 1976—1984, og í stað „1983“ komi: 1985.

Í stað „1980—1982“ í 2. málsg. 24. gr. komi: 1980—1984.

2. gr.

4. málsg. 27. gr. laganna (ákvæða til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. málsg., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu nefnt fimm ára tímabil borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 27 — 1982

31. desember 1982.

157

Nr. 101.

## FJÁRLÖG

FORSETI ÍSLANDS

fyrir árið 1983.

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Rekstrarreikningur

Greiðslufirlit ríkissjóðs

Tekjur:	Pús. kr.	Pús. kr.
Beinir skattar .....	2 422 500	
Óbeinir skattar .....	10 356 080	
Aðrar tekjur .....	228 735	13 007 315
Gjöld:		
Samneysla .....	5 421 072	
Neyslu- og rekstrartilfærslur .....	5 746 231	
÷ Sértekjur stofnana .....	255 676	
Rekstrarliðir samtals .....	10 911 627	
Stofnkostnaður, fjárfesting .....	850 531	
Fjármagnstilfærslur .....	1 210 800	12 972 958
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld .....		34 357
<b>Lánahreyfingar</b>		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa .....	200 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé .....	381 000	
Önnur innlend fjáröflun .....	260 180	
Erlend lán .....	880 664	
Fjáröflun alls .....	1 721 844	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina .....	21 000	
Fjáröflun til A- og B-hluta .....	1 700 844	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun .....	1 175 844	
Ráðstafað til A-hluta .....	525 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta .....	1 000	526 000
Lánahreyfingar út:		
Hlutfjárframlög .....	105 000	
Vegna aðstoðar við Flugleiðir hf. ....	34 383	
Afborganir af teknum lánum:		
Seðlabanki Íslands .....	60 000	
Aðrir .....	329 000	528 383
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir .....		2 383
<b>Viðskiptareikningar</b>		
Útstreymi umfram innstreymi .....		15 000
<b>Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur</b> .....		16 974
		A 21

## 2. gr.

Árið 1983 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Rekstrar-	
		Gjöld:	
		Pús. kr.	Pús. kr.
<b>00</b>	<b>Æðsta stjórn ríkisins</b> .....		<b>73 261</b>
<b>01</b>	<b>Forsætisráðuneyti</b> .....		<b>86 925</b>
101	Yfirstjórn .....	8 615	
102—902	Annað .....	78 310	
<b>02</b>	<b>Menntamálaráðuneyti</b> .....		<b>1 866 541</b>
101	Yfirstjórn .....	16 839	
201—885	Fræðslumál .....	1 682 710	
901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi .....	166 992	
<b>03</b>	<b>Utanríkisráðuneyti</b> .....		<b>130 928</b>
101—102	Yfirstjórn .....	18 277	
201	Löggæsla á Keflavíkurflogvelli .....	21 935	
301—313	Sendiráð .....	47 661	
399—401	Alþjóðastofnanir .....	43 055	
<b>04</b>	<b>Landbúnaðarráðuneyti</b> .....		<b>573 500</b>
101—172	Yfirstjórn .....	9 686	
201—299	Búnaðarmál .....	538 270	
501—503	Skólar .....	25 544	
<b>05</b>	<b>Sjávarútvegsráðuneyti</b> .....		<b>169 039</b>
101	Yfirstjórn .....	6 095	
201—299	Útvegmál .....	154 895	
901	Annað .....	8 049	
<b>06</b>	<b>Dóms- og kirkjumálaráðuneyti</b> .....		<b>517 597</b>
101—102	Yfirstjórn .....	8 719	
201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl. ....	455 039	
301—373	Þjóðkirkjan .....	53 839	
<b>07</b>	<b>Félagsmálaráðuneyti</b> .....		<b>492 747</b>
101	Yfirstjórn .....	5 055	
271—272	Húsnæðismál .....	299 564	
301—999	Önnur félagsmál .....	188 128	
<b>08</b>	<b>Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti</b> .....		<b>4 946 564</b>
101	Yfirstjórn .....	7 135	
271—274	Tryggingamál .....	3 615 545	
301—399	Heilbrigðismál .....	1 315 444	
471—502	Annað .....	8 440	

3. gr.

Árið 1983 er ætlast til að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

## reikningur

## Tekjur:

		Pús. kr.	Pús. kr.
<b>Skattar</b>			
	<b>Beinir skattar</b>		
<b>Eignarskattar</b> .....			<b>354 100</b>
0 0100 Eignarskattur einstaklinga .....		155 000	
0 0110 Eignarskattur félaga .....		128 000	
0 0117 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði .....		49 500	
0 0140 Erfðafjárskattur .....		21 600	
<b>Tekjuskattar</b> .....			<b>2 068 400</b>
0 0120 Tekjuskattur einstaklinga .....	2 350 000		
Barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds .....	675 000		
		1 675 000	
0 0124 Sjúkratryggingagjald .....		80 000	
0 0130 Tekjuskattur félaga .....		285 000	
0 0175 Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra .....		28 400	
	<b>Óbeinir skattar</b>		
<b>Gjöld af innflutningi</b> .....			<b>2 158 500</b>
0 0201 Tollafgreiðslugjald .....		62 700	
Aðflutningsgjöld:			
0 0210 Aðflutningsgjöld .....	1 575 000		
Par af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	78 800		
		1 496 200	
0 0240 Byggingariðnaðarsjóðsgjald .....		3 000	
0 0260 Innflutningsgjald af bensíni .....		406 800	
0 0270 Gúmmígjald .....		1 500	
0 0280 Innflutningsgjald af bifreiðum .....		110 000	
0 0220 Gjald af gas- og brennsluolíu .....		5 300	
0 0230 Jöfnunargjald .....		65 000	
0 0250 Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex ...		1 000	
0 0290 Hagnaður af sölu varnarliðseigna .....		7 000	

		Rekstrar-	
Gjöld:			
		Pús. kr.	Pús. kr.
			8 857 102
		Flutt	
<b>09</b>	<b>Fjármálaráðuneyti</b> .....		<b>1 162 585</b>
	101—104 Yfirstjórn .....	24 187	
	201—282 Toll- og skattheimta .....	115 947	
	381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun .....	229 493	
	402—999 Annað .....	792 958	
<b>10</b>	<b>Samgönguráðuneyti</b> .....		<b>1 212 141</b>
	101 Yfirstjórn .....	4 152	
	211 Vegamál .....	838 000	
	321—672 Önnur samgöngumál .....	369 989	
<b>11</b>	<b>Iðnaðarráðuneyti</b> .....		<b>460 838</b>
	101 Yfirstjórn .....	5 624	
	201—299 Iðnaðarmál .....	99 425	
	301—399 Orkumál .....	355 789	
<b>12</b>	<b>Viðskiptaráðuneyti</b> .....		<b>884 645</b>
	101 Yfirstjórn .....	6 484	
	201 Niðurgreiðslur .....	839 000	
	202—999 Annað .....	39 161	
<b>13</b>	<b>Hagstofa Íslands</b> .....		<b>9 102</b>
<b>14</b>	<b>Ríkisendurskoðun</b> .....		<b>10 755</b>
